



Fjölbrautaskóli Suðurlands

## Lokaverkefni í húsasmíði LHÚH3US07 Kennsluáætlun – vönn 2018

**Kennari: Óskar G. Jónsson**

**Skammstöfun: ÓGJ**

### Áfangalýsing:

Í áfanganum gefst nemendum færi á að undirbúa sig markvisst undir sveinspróf. Nemendur vinna verkefni sem felur í sér samþættingu þekkingar og færni sem aflað hefur verið í skóla og vinnustað á námstímanum. Farið er í upprifjun bóklegra og verklegra þátta úr fyrri áföngum eftir því sem þurfa þykir. Lögð er áhersla á að nemendur þjálfist í skipulagningu og áætlanagerð, framkvæmd, gæðamati, skráningu og rökstuðningi á verkum og verkþáttum. Reynt er að líkja eftir aðstæðum í atvinnulífinu og því hafa nemendur aðgang að öllum fyrirliggjandi gögnum, efni, áhöldum og tækjum meðan á verkefninu stendur.

### Markmið er að nemandi:

- Geti undirbúið verkefni sem honum er fengið á eigin spýtur
- Geti unnið verkáætlun og afmörkuð hönnunargögn
- Geti valið heppileg áhöld og tæki fyrir einstaka verkþætti
- Geti aflað sér upplýsinga um útfærslu, efni, áhöld og tæki
- Geti framkvæmt verkefnið sjálfstætt í samræmi við áætlanir
- Fylgi fyrirliggjandi verkáætlun og hönnunargögnum
- Vinni í samræmi við áætlanir um tíma og kostnað
- Geti unnið í samræmi við lög, reglugerðir og staðla
- Vinni með hliðsjón af gæðakröfum og viðurkenndu verklagi
- Vinni í samræmi við viðurkenndar öryggisreglur og öryggisbúnað
- Geti gert öðrum grein fyrir verkefninu og framkvæmd þess
- Geti rökstutt val á aðferðum, efnum, áhöldum og tækjum
- Geti gert grein fyrir efnis afföllum og frávikum frá kostnaðaráætlun
- Geti lagt mat á verkáætlun og hönnunargögn verksins

### Námsefni:

Verkefni sem kennari leggur fram bæði bókleg og verkleg. Vísan í kennslubækur, ljósrit, efni af netinu o.fl.

### **Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:**

- Öll kennsla fer fram í verkmenntastofunni og fer stór hluti kennslunnar fram samhliða kennslu í öðrum áföngum. Framkvæmd kennslunnar mótast því talsvert af umhverfinu hverju sinni, þar sem farið er yfir bóklega þætti og unnin smíðaverkefni eftir því hvernig viðrar hverju sinni.

### **Námsmat:**

Násmat byggist að stórum hluta á símati, þar sem stuðst er við ástundun og þáttöku í tímum 35%. Vinnu verkefna í tímum 40%. Í lok annar verður skriflegt próf er gildir 25%

**Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.**